

Hverfisráð Hríseyjar

164. fundur

Fimmtudaginn 29. júní 2023 kl. 18 var haldinn 164. fundur hverfisráðs í Hlein.
Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Narfi Freyr Narfason.

Dagskrá:

1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi - Austurvegur 15-21

Málsnúmer: 2023011119

Skipulagsráð óskaði eftir umsögn Hverfisráðs Hríseyjar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi á lóðunum við Austurveg 15-21. Hverfisráð auglýsti eftir athugasemdum frá þeim sem áhuga hafa á málinu og bárust svör frá nokkrum aðilum.

Teljum við ákveðinn forsendubrest vera í tillögum Form ráðgjafar ehf. Teikning af núverandi fyrirkomulag á deiliskipulagi segir allar lóðirnar vera einbýlishús á tveimur hæðum. Í gildandi deiliskipulagi frá árinu 2009 er „*gert ráð fyrir að íbúðarhús við lóð nr. 15 verði á tveimur hæðum. [...] Hús við nr. 17-21 skulu vera á einni hæð til samræmis við núverandi byggð í austri.*“ Í tillögum 1, 4 og 5 eru teiknuð fjórþýlishús á tveimur hæðum á lóð 21 sem við teljum að gangi ekki upp m.a. vegna hækkunar í landslaginu og yrði ekki í samræmi við núverandi byggð í austri - líkt og kemur fram í gildandi deiliskipulagi.

Hugmyndir um lítil portbyggð einbýlishús teljum við ekki henta á þessu svæði, þau sem gætu haft áhuga á að byggja hús á þessu svæði ættu að hafa frjálsari hendur varðandi útfærslu, minnkun á byggingarreit myndi útiloka ákveðnar gerðir af húsum. Fjölgun lóða úr 4 í 6 sbr. tillögu nr. 3 teljum við ekki heppilega.

Erindið snýr upphaflega að því að engar par- eða raðhúsalóðir eru til staðar í Hrísey, aðeins einbýlishúsalóðir og óskað eftir breytingu á lóðum nr. 19 og 21. Við teljum ekki til bóta að breyta öllum lóðunum við Austurveg 15-21 á þann veg að engin einbýlishúsalóð verði í boði - þörf er á fjölbreyttu lóðaframboði í Hrísey. Hverfisráð telur ákjósanlegra að setja fullan kraft í skipulag á lausum lóðum í Miðbraut sem einnig er tekið fram í erindinu, enda eru þegar raðhús í Miðbraut.

Á 145. fundi hverfisráðs 8. júní 2021 var óskað eftir að lausum íbúða- og atvinnulóðum verði fjölgað í Hrísey og að frekara átak verði gert varðandi sölu á lóðum fyrir íbúðarhúsnæði og að gatnagerðargjöld verði felld niður í stað þess 75% afsláttar sem verið hefur. Tillögu okkar um niðurfellingu gatnagerðargjalda var hafnað en 75% afsláttur framlengdur. Ekkert hefur borið á fjölgun íbúða- og atvinnulóðum frá þeim tíma. Á 387. fundi Skipulagsráðs 14. september 2022 var afgreitt erindi varðandi fyrirspurn um stofnun lóðar á ódeiliskipulögðu svæði milli Miðbrautar 13 og Gamla skóla. Þar kemur fram að *Skipulagsráð samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að hefja vinnu við gerð deiliskipulags svæðisins í samræmi við 40.-42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 svo úthluta megi lóðum við Miðbraut. Engar fregnir hafa borist af þeirri vinnu.*

2. Önnur mál

- a. Lögð fram hugmynd varðandi merkingar fyrir bílastæði á götunni framan við Hríseyjarbúðina (Norðurveg 7-11) og að máluð verði gangbraut í regnbogalitum frá inngangi Hríseyjarbúðarinnar yfir á hátíðarsvæðið. Samþykkt að óska eftir leyfi fyrir að mála bílastæði og gangbraut með það að markmiði að auka öryggi vegfarenda á svæðinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20

Ingólfur Sigfússon
Júlía Mist Almarsdóttir
Narfi Freyr Narfason

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon